

á eða þegar verksmiðjureksturinn hættir ár hvert. Vatnsskattur samkvæmt 12. gr. fellur í gjalddaga þegar krafizt er.

Heimilt er Vatnsveitu Siglufjarðar að loka fyrir vatn, ef ekki er staðið í skilum með greiðslur samkv. framanskráðum gjalddögum og reikna vexti á gjaldfallnar skuldir.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. apríl 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

G J A L D S K R Á

Vatnsveitu Akureyrar.

Vatnsskattur.

1. gr.

Fyrir vatnsnotkun skal greiða árlega vatnsskatt af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Akureyrar, sem fá vatn úr vatnsveitu bæjarins.

2. gr.

Vatnsskattur samkv. 1. gr. skal ver 2% af fasteignamati húss.

3. gr.

Hafi hús ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskattur.

4. gr.

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðn-fyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðþvottastöðvar og önnur slík fyrirtæki, svo og fyrir hreyfivélar og gosbrunna.

5. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli með kr. 1.50 fyrir hvern teningsmetra vatns.

6. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli kr. 100.00.

Skipavatnsskattur.

7. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem selt er til skipa og báta í Akureyrarhöfn, skal vera kr. 15.00 fyrir hvern teningsmetra, þó aldrei minna en kr. 100.00.

8. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

Um gjalddaga, ábyrgð á greiðslu o. fl.

9. gr.

Gjalddagi vatnsskatt af húsum er 1. febrúar ár hvert og greiðist skatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár.

Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta eftir á með 4 gjalddögum í lok hvers árs-fjórðungs.

Vatn til skipa skal greiða við afhendingu.

Vatnsskattur greiðist í skrifstofu bæjargjaldkera.

10. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns.

Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnurekstrar. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skips.

Greiðsla vatnsskatts er tryggð með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samnings- og aðfararveðum.

Vatnsskatt og önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki.

Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

Ýmis ákvæði.

11. gr.

Ef vatn er notað án mælis, þar sem svo hagar til, sem í 4. gr. segir, getur vatnsveitan ákveðið aukavatnsskattinn eftir áætlaðri notkun.

Vilji vatnsnotandi ekki sætta sig við ákvörðun vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, getur hann krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld tiltekið tímabil, og verður aukavatnsskattur þess árs reiknaður í hlutfalli við þá mælingu.

Hrökkvi tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir rekstrarútgjöldum, getur bæjarráð ákveðið fyrir eitt ár í senn, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins, að hækka vatnsskattinn um allt að 50%.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Vatnsveitu Akureyrar nr. 56 30. apríl 1959.

Félagsmálaráðuneytið, 8. apríl 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.